

AUGLÝSING

um breytingu á Norðurlandasamningi til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Hinn 17. desember 1997 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á bókun um breytingu á samningi milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir frá 23. september 1996 sem gerð var í Helsinki 6. október 1997, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1997 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin öðlast gildi 31. desember 1997.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

um breytingu á samningi milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og á eignir.

Ríkisstjórn Danmerkur ásamt landsstjórn Færeyja og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem óska að gera með sér bókun um breytingu á samningi frá 23. september 1996 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og á eignir (hér eftir nefndur „samningurinn“),

sem gera sér ljóst að því er Færeyjar varðar að framkvæmd þeirra mála sem samningur þessi tekur til heyrir undir sjálfstjórnarvaldsvið Færeyja, jafnvel í samskiptum við útlönd,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. gr.

Ákvæði h-liðar 1. mgr. 3. gr. fellur brott og í staðinn kemur eftirfarandi:

„h) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari nema skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í samningsríki;“.

II. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. íslenska textans falla orðin „föst starfsstöð“ brott og í staðinn kemur „föst atvinnustöð“.

III. gr.

Ákvæði 1. mgr. og c-liðar 7. mgr. 21. gr. falla brott og í staðinn kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir önnur ákvæði í þessum samningi, þó að undanskildum ákvæðum 8. gr., gilda ákvæði þessarar greinar þegar aðili heimilisfastur í samningsríki stundar starfsemi í tengslum við undirbúningskönnun, rannsókn eða hagnýtingu kolvetnislinda sem staðsettar eru í samningsríki.“

„c) Ef vinnan er leyst af hendi um borð í skipi eða báti, sbr. 5. mgr., skal skattleggja slík laun eða endurgjald í því samningsríki þar sem aðilinn sem notar skipið eða bátinn er heimilisfastur.“

IV. gr.

Í c-lið 3. mgr. 25. gr. norska textans koma orðin „artikkel 15 punkt 1“ í stað orðanna „artikkel 15“.

V. gr.

Í 5. mgr. 26. gr. danska textans koma orðin „stykke 4, litra a) og b)“ í stað orðanna „stykke 4, litra b) og c).“

VI. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi á fjórtánda degi eftir þann dag þegar öll samningsríkin hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að bókunin hafi verið staðfest. Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsríkjum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag þegar bókunin öðlast gildi.

2. Eftir að bókunin hefur öðlast gildi skal ákvæðum hennar beitt frá þeim tíma þegar samningnum verður beitt. Öðlist bókunin gildi eftir 31. desember 1997 verður ákvæðum hennar beitt frá byrjun annars mánaðar eftir að bókunin öðlast gildi.

Frumrit bókunar þessarar skal varðveitt í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum samningsríkjunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Helsinki hinn 6. október 1997 í einu eintaki á dönsku, færeysku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textarnir jafngildir.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árinu 1996.

Sameiginlega EES-nefndin tók 84 ákvarðanir á árinu 1996 um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, þar sem samningurinn er birtur, og 29/1996. Ákvarðanirnar og þær EB-gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.